Vogastapi – Vogavík – Vogafjara

Vogastapi er gamalt grágrýti sem ísaldarjökull og sjórinn hafa mótað. Gamla þjóðleiðin frá Vogum til Njarðvíkur liggur upp úr Reiðskarði og síðan eftir Stapanum þar sem hann er hvað hæstur. Margar þjóðsögur tengjast Vogastapa og Grímsholi, hæstu bungu hans. Undir Stapabrún voru fengsæl fiskimið, Gullkistan.
Þangi vaxnar klappir í fjörum frá Vogastapa að Kúagerði eru hluti af Þráinsskjaldarhrauni sem rann fyrir 10.000 árum og byggðin stendur á. Munur á flóði og fjöru er hér allt að 4,5 m. Brimið brýtur smám saman af ströndinni og auk þess sígur landið hér um 1 mm á ári. Þang og mór úr fjörunni var nytjað áður fyrr. Ferskvatn sprettur víða upp úr fjörunni og dregur Vatnsleysuströnd nafn sitt af því.
Á skilti þessu er nokkrum algengum lífverum í fjörunni gerði skil. Nánari upplýsingar á **www.vogar.is**

Marking the edges of the coast of Vogar are seaweed-covered rocks which are part of the Þráinsskjöldur Lava Flow that formed about 10,000 years ago. Along this coast tidal differences are normally as much as 4.5 meters. The Reykjanes penisula is sinking about 1mm/year and here in Vogar erosion caused by waves is contributing to the perceived rise in sea level. Due to the pourous rocks that form the foundation of this part of Iceland fresh water seeps from the ground in many places along Vogar's coast and this is the origin of the former name for this municipality, Vatnsleysustrandarhreppur - „land through which water flows town".
On this sign are descriptions of some of the most common local organisms.
For further information we direct you to **www.vogar.is.**

Dvergþang
Pelvetia canaliculata E: Channelled Wrack D: Rinnentang

Brúnt, smávaxið þang með rennulaga greinum, lengd 2-10 cm. Vex á klöppum efst í fjörunni, þar sem það myndar venjulega efsta þörnungabeltið og fer aðeins á kaf á hálflóði.

A small species of brown algae that is grooved or channelled on one side, without air bladders. It is found on rocks on the upper shore, higher than other seaweeds.

Klappar þang
Fucus spiralis E: Spiral Wrack D: Gabeltang

Brúnt þang með breiðum, uppsnúnum greinum og engum loftblöðrum.
Vex á klöppum ofarlega í fjörunni, neðar en dvergþang og er heldur stærra (15-30 cm).

A brown algae with twisted branches and no air bladders. Growing on rocks on the upper shore, lower than Channeled Wrack.

Þangfluga
Coelopa frigida E: Kelp Fly / Seaweed Fly N:

Grannar, flatar flugur, um 1 cm á lengd. Þær verpa eggjum sínum í hauga af rotnandi þangi efst í fjörunni. Urmull af lirfum þroskast þar og éta bakteríur (sundrendur) sem lifa á þanginu og brjóta það niður. Þangið hitnar vegna starfsemi sundrendanna svo lirfurnar geta dafnað árið um kring. Þangflugur og lirfur þeirra eru mikilvæg fæða vaðfugla.

These small flies lay their eggs in the rotting seaweed that collects at the uppermost reaches of the beach. Their larvae feed on the bacteria that help to break down the seaweed. Both the adults and larvae are important food for waders and other birds.

Lóuþrællll
Calidris alpina E: Dunlin D: Alpenstrandläufer

Smávaxinn vaðfugl, með fremur langan gogg og svartan blett á kvið. Sést í stórum hópum í fjörum á vorin, síðsumars og framá haust. Verpur í og við votlendi, stóku sinnum hér. Fæðan er skordýr, smá skeldýr, sniglar og burstaormar. Lengd 16-20 cm, þyngd 50 g, vænghaf 38-42 cm.

The Dunlin is a small shorebird, common on shores during spring migration in late April to May and autumn migration from July-September. A few breed in the wetlands on Vatnsleysuströnd.

Rauðbrystingur
Calidris canutus E: Knot D: Knutt

Umferðarfugl sem kemur hér við á fartíma vor og haust á leið milli vetrarstöðva í Vestur-Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada, oft í stórum hópum. Viðdvölin hér á landi er mikilvæg fyrir umferðarfugla (sjá margæs og tildru), sumarið á varpstöðvum þeirra er stutt og þeir þurfa að fita sig fyrir ferlitt farflug yfir Grænlandsjökul. Ísland er eins konar „bensínstöð" fyrir þá. Fæðan er skordýr, skeldýr og krabbadýr. Lengd 23-25 cm, þyngd 150 g, vænghaf 57-61 cm.

Passage migrant, sometimes in large flocks. Iceland is a very important refuelling post or staging area for migrants moving from wintering grounds in West Europe to and from breeding grounds in Greenland and the Arctic islands of Canada.

Bóluþang
Fucus vesiculosus E: Bladder Wrack D: Blasentang

Brúnt að lit með loftfylltum blöðrum sem oftast eru tvær saman. Vex um miðja fjöruna innan um klóþang. Lengd 30-60 cm. Það er mjúkt, sleipt og þolir vel að brimið kasti því fram og til baka.

Indentifiable by branches divided with air bladders usually in pairs at crotches, this algae is found on rocks on the middle shore and forms a distinct zone. It is generally 30-60 cm long, smooth and slippery when wet. It is surprisingly tough and can withstand the pounding of the waves.

Klóþang
Ascophyllum nodosum E: Knotted Wrack D: Knotentang

Mest áberandi þangið í Vogafjöru. Gulbrúnt með stókum blöðrum. Greinar allt að 1 cm á breidd og metri á lengd. Getur orðið 100 ára gamalt. Á vorin vaxa út úr greinunum lítilir uppblásnir belgir sem eru æxlunarfæri. Lengd 30-150 cm.

Brown or olive seaweed, irregularly branched with single, large, oval bladders arranged at interval along the middle of the fronds. Knotted wrack is the most common seaweed or algae on the shore at Vogar.

Sandmaðkur
Arenicola marina E: Lugworm N: Wattwurm

Dökkgrænn eða rauðbrúnn burstaormur, 15 cm á lengd. Sjálfur ormurinn sést ekki því hann lifir ávallt ofan í sandinum í U-laga göngum sem hann grefur. Þannig hafa bæði afturendi og framendi aðgang að yfirborði. Úrgangshraukur myndast við afturendann en dæld við framendann þar sem djúnð hefur slafnað í sig nýsesta leðju við yfirborðið. Mikið af sandi og leðju fer gegnum meltingarveg maðksins en hann nærist á leifum lífvera þar í. Á haustin senda þeir egg og sæði í sjóinn fyrir ofan. Sandmaðkur er algengur í Vogafjöru og var mikið nýttur til beitu áður fyrr.

A polychaete or bristle worm, living in U-shaped burrows in fine sand and mud. Its coiled castings are a familiar sight on a beach at low tide. These are an important food for the larger wading birds with long beaks and the occasional lucky seagull.

Hvítmáfur
Larus hyberborenus E: Glaucous Gull D: Eismöwe.

Stór og ljós máfur, ögn minni en svartbakur. Ungfuglar eru einnig ljósari en aðrir stórir máfar. Algengasti máfurinn á veturna á sjónum. Sést líka á sumrin. Fæðan er fiskur, fiskúrgangur, hrygglaysingjar og hræ.
Lengd 62-68 cm, þyngd 1,5 kg, vænghaf 150-165 cm.

The most common gull during winter. A large, pale gull, similar in size and build to Great Black-backed Gull. Adult is largely white, pale gray on back and upper wings, with white wingtips. Immature paler than other large gulls. Also seen during summer. Food is fish, fish offal, invertebrates and carrion.

Svartbakur
Larus marinus E: Great Black-backed Gull D: Mantelmöwe

Svartbakur eða veiðibjalla er stærsti íslenski máfurinn. Hann er stærri en sílamáfur, kolsvartur á baki með bleika fætur. Ungfuglar eru ljósari á höfði en jafnaldra sílamáfar. Svartbakur sést hér allt árið í fjörum og við ljarnir. Fáein pör verpa. Fæðan er fiskur, hrygglaysingjar, ungar, hræ og úrgangur. Lengd 64-78 cm, þyngd 2 kg, vænghaf 150-165 cm.

The Great Black-backed Gull is the largest gull in Iceland and the world. Bigger and darker than Lesser Black-backed Gull, with pink legs. It is seen all year round, but is more common during the winter. A few pairs breed on Vatnsleysuströnd.

Söl
Palmaria palmata E: Dulse D: Lappentang

Rauðleit og vaxa neðarlega í fjörunni. Þau eru næringarrík og tínd til matar í hreinum fjörum og seld í verslunum. Notuð sem snakk, til matargerðar og í bakstur. Lengd 10-40 cm.

A red algae with flat branches, growing on the lower shore.
Dried dulse is a popular snack in Iceland.

Stórþari
Laminaria hyperborea E: Kelp Cuvie D: Palmentang

Vex neðan fjöru og í stórum fjörupollum, ávallt í kafi nema ef hann slitnar upp og rekur upp í fjöruna. Blaðka efst, svo langur stilkur sem nefnist þöngull og festisprotar neðst sem nefnast þöngulhaus. Stórþari er nýttur til matar, einkum í SA-Asíu (heitir kombu á Japönsku).
Líkist hrossaþara. Getur náð 3 m lengd.

A large kelp, attached to rocks on the extreme lower shore and down to about 20 m depth as well as in pools. The digitate frond may be over 2 m long and 90 cm wide.

Toppönd
Mergus serrator E: Red-breasted Merganser. D: Mittelsäger

Grannvaxin, hálslöng og rennileg önd. Bæði kyn eru með ýfðan topp, ber hún nafn sitt af honum. Toppönd lifir mest á fiski en einnig á krabbadýrum. Algeng á sjónum við Vatnsleysuströnd, sérstaklega á veturna, og hefur orpið hér. Elur unga sína bæði á sjó og ferskvatni. Lengd 52-58 cm, þyngd 1,1 kg, vænghaf 70-86 cm.

A slender, long necked and streamlined sawbill. Similar in shape to cormorant or divers. Both sexes have a spiky crest on nape. Common on the sea in winter. It has bred and probably still does so. Also found on coastal lakes. Young are brought up both on brackish and fresh water. Food is mainly fish.



Dílaskarfur
Phalacorax carbo E: Cormorant D: Kormoran

Stór og dökkur sjófugl. Varpfuglar eru með hvíta bletti á kverk, vöngum og lærum. Ungfuglarnir eru ljósir á kvið og bringu. Dílaskarfur er góður kafari, en þungur til flugs og fljýgur oft lágt yfir sjó með langan hálsinn útréttan. Stendur tíðum á skerjum eða hafnargörðum með útbreidda vængi og er það kallað að messa. Hann sést allt árið við Voga og á Vatnsleysuströnd, á skerjum eða við fiskveiðar í sjónum, en fiskur er aðalfæða hans. Lengd 80-100 cm, þyngd um 3 kg, vænghaf 130-160 cm.

The cormorant is a common seabird and visits throughout the year, but is mainly seen in winter. It is among the seabirds that are hunted for sport and as an occasional food in Iceland.

Margæs
Branta bernicla E: Brent Goose D: Ringelgans

Margæs er hánorrænn umferðarfugl, sem fer um Ísland vor og haust á leið sinni milli vetrarstöðva á Írlandi og varpstöðva á Grænlandi og Kanadísku Íshafseyjunum. Hún er mikill sjófugl, eins og nafnið ber með sér, aðalfæðan er marhálmur, sem vex í sjó og sjávarfitjungur, grastegund sem vex á sjávarflæðum. Hún er minnst þeirra gæsa sem hér sjást. Lengd 56-61 cm, þyngd 1,5 kg, vænghaf 110-120 cm.

The Light-bellied Brent (B.b. hrota) migrates through Iceland spring and autumn, between wintering grounds in Ireland and breeding grounds in Greenland and the Arctic islands of Canada.

Klettadoppa
Littorina saxatilis E: Rough periwinkle D: Raue Strandschnecke

Lítill sæsnigill með kuðung. Hæð 1,2 cm með háa, oddhvassa hyrnu. Mjög breytileg á lit, oft röndótt. Mikið er af henni á klöppum efst í fjörunni.

A small periwinkle or sea snail. Rough on the outside with spire. Colour variable.
In crevices and on stones on the upper shore.

Þangdoppa
Littorina obtusata E: Smooth periwinkle D: Flache Strandschnecke

Álíka stór og klettadoppa en með lága hyrnu, flata að ofan. Marglit, hæð um 1 cm. Finnst alls staðar í fjörunni innan um þangið, sérstaklega bóluþang og klóþang.

Small, smooth on the outside, with flat spire. Color variable and often extremely bright. On seaweed in the middle and upper shore.

Sendlingur
Calidris maritima E: Purple Sandpiper D: Meerstrandläufer

Lítill vaðfugl, grár að lit, lágfættur og kubbslegur. Algengasti vaðfuglinn í fjörunum á veturna, en sést líka á öðrum árstímum, síst þó yfir hásumarið. Verpur til fjalla, en einnig í sendnu og grýttu landi við sjó, stóku pör verpa á Vatnsleysuströnd. Fæðan er smádýr: skordýr, þöddur, skeldýr, sniglar og krabbadýr. Lengd 20-22 cm, þyngd 80 g, vænghaf 42-46 cm.

The most common shorebird in winter, but also seen in other seasons. Small, stocky and rather dark. Gregarious outside breading season, often seen in large flocks. A few pairs breed on barren coastal ground on Vatnsleysuströnd.

Tjaldur
Haematopus ostralegus. E: Oystercatcher D: Austernfischer

Stór, svartur og hvítur vaðfugl með rauðan gogg og rauða fætur. Tjaldurinn er fjörufugl, og verpur talsvert hér. Að mestu farfugl, en sést hér í fjörum flesta vetur. Fæðan er úr dýraríkinu, krækklingur, ormar, skordýr, sniglar og krabbadýr. Lengd 40-45 cm, þyngd 600 g, vænghaf 80-86 cm.

A common shorebird, breeds commonly on Vatnsleysuströnd. Large, black and white, noisy and gregarious. It arrives in numbers early in the spring but some stay all year and usually a few seen each winter. Nests in gravel or sand near sea. Food is all kind of invertebrates.

Sandlóa
Charadrius hiaticula E. Ringed Plover D: Sandregenpfeifer

Lítill vaðfugl, hálsstutt og fremur kubbsleg. Fjörleg og kvik og barmar sér, þegar komið er nálægt hreiðri eða ungum. Verpur í Vogum og á Vatnsleysuströnd ofan fjörunnar. Utan varptíma í litlum hópum í fjörum og á leirum. Farfugl. Fæðan er skordýr, krabbadýr, sniglar og ormar. Lengd 18-20 cm, þyngd 60 g, vænghaf 48-57 cm.

A small and stocky shorebird. A common migratory breeder at the shore. Outside the breeding season it is found in small flocks on mudflats and sandy beaches.

Nákuðungur
Nucella (Thais) lapillus E: Dogwhelk D: Nordische Purpurschnecke

Þykkur gráleitur kuðungur, um 3 cm á hæð. Algengur í fjörunni á sumrin við lágfjörumörk og á grjótgörðum við höfnina. Hann borar gat á skeljar hrúðurkarla og fleiri dýra með skráptungu sinni og sýgur í sig varnarlaust dýrið.

A rather small, shell 3 cm high, with short siphonal canal and spiral lines. On rocky shores, this innocent-looking snail is the main predator of barnacles and other animals in the intertidal zone and the source of the round holes often seen in shells on the beach.

Aða – Öðuskel
Mytilus modiolus E: Horse Mussel D: Miesmuschein

Aða og krækklingur eru náskyldar tegundir og stundum kallaðar blásklejar. Það rekur mikið af dauðum öðuskeljum á Vogafjöru en lítið er um krækling þar. Aðan lifir neðan fjörumarka, festir sig við undirlagið með sterkum þráðum og síar smáar fæðuagnir úr sjónum. Lengd 10 cm.

A big mussle, living below the lower shore, but often washed up. Its young are tiny and often present in incredible number among sand grains.



Sílamáfur
Larus fuscus E: Lesser Black-backed Gull D: Heringsmöwe

Algengasti stóri máfurinn á sumrin. Auðþekktur frá svartbaki á smæð, gulum fótum og steingráu baki. Ungfuglar eru dökkflekkóttir. Kemur uppúr mánaðamótum mars-apríl og fer í október. Er bæði í fjörum, á sjó og inn til landsins, þar sem hann verpur. Stærsta sílamáfavarp landsins er skammt undan, á Miðnesheiði. Fæðan er fiskur, krækklingar, skordýr, ormar, hræ og úrgangur. Lengd 52-67 cm, þyngd 800 g, vænghaf 135-155 cm.

The most common large gull during summer. Migrant. Smaller and paler above than Great Black-backed Gull, with yellow legs. Found on shores, on sea and inland, where it breeds. The largest colony in Iceland is on Miðnesheiði, around the airport.

Stelkur
Tringa totanus E: Redshank D: Rotschenkel

Meðalstór vaðfugl, hávær og áberandi á varptíma. Hann er einn algengasti varpfuglinn í Vogum og á Vatnsleysuströnd, þar sem hann gerir sér hreiður í graslendi. Verpur m.a. við Vogatjörn. Að mestu farfugl, en óvenju margir hafa vetursetu í Vogavík og víðar. Fæðan er ormar, skordýr og marflær.
Lengd 27-29 cm, þyngd 140 g, 60-86 cm.

The Redshank is one of the most common breeders in the area. Mostly migrant, but a flock is usually found in Vogavík during the winter.

Tildra
Arenaria interpres E: Turnstone D: Steinwälzer

Fremur lítill, sterkbyggður fjörufugl, skrautlegur og kvikur. Tildran er umferðarfugl eins og margæs og rauðbrystingur. Slæðingur sést þó allan veturinn og er tildra næstalgengasti vaðfuglinn hér á veturna. Fáeinir geldfuglar hafa sumardvöl. Tildran dregur nafn sitt á mörgum tungumálum af því hátlalagi, að velta við steinum og þangi í ætisleit. Fæðan er ýmis smádýr, t.d. þangflugulirfur. Lengd 22-24 cm, þyngd 120 g, vænghaf 50-57 cm.

Mainly a passage migrant, but also seen in winter and a few non-breeders stay during summer. The Turnstone derives it name from its habit of turning over stones and seaweed on the shore in search of food.

Marflær, margar tegundir
Amphipoda E: Amphipods, several species D: Flohkrebsen (amphipods)

Liðskipt dýr með 14 fótum sem þær nota til að skríða og synda. Eru undir steinum og þangi í fjörunni. Hér eru þær flestar af ættkvíslinni fjörumarflær (Gammarus spp). Algeng lengd 2-3 cm.

Many species of Amphipods can be found on the shore. They are shrimp-like animals, with 14 legs, usually found at low tide under stones or seaweed or swimming in tide pools. They always have a curved back and are laterally flattened whereas the isopods (another group of crustaceans also present) in the tide pools are dorsally flattened and as such are wider than they are tall from belly to back.

Hrúðurkarl – Fjörukarl
Semibalanus balanoides E: Rock Barnacle N: Seepocke

Hrúðurkarl er sérkennilegt krabbadýr. Fullorðin dýr eru með skeljar utan um sig og múra sig fóst við klappir og grjót ofl. Ofan á þeim eru eins konar vængjahurðir sem opnast þegar þeir eru á kafi og út koma örmjór krabbafætur sem sópa fæðuögnum ofan í dýrið. Þeir eru tvíkynja en frjóvga ekki sjálfa sig heldur nágranna sína með gríðarlöngum getnaðarlimi. Lirfurnar líkjast öðrum krabbadýrum og svífa frjálsar í sjónum uns þær setjast að og festa sig fyrir fullt og allt. Breidd um 1,5 cm.

A strange crustacean, as adults they have a calcified exoskeleton comprised of several chalky plates, forming a conical shell. Lives stuck to rocks, piers etc., often forming colonies that blanket a large area. They feed by moving the plates of the exoskeleton to allow the bristly legs to come out to filter tiny bits of food from the water. At low tide they remain closed with water trapped inside.



Rauðhöfðaönd
Anas penelope E: Wigeon D: Pfeifente

Rauðhöfðinn er meðalstór buslönd, nokkru minni en stokkönd, með hnöttótt höfuð. Steggurinn er með rauðan haus, kollan er brúnleit. Rauðhöfðaendur eru algengar á sjónum hér á veturna, sérstaklega í Vogavík. Fæðan er vatnaplöntur og gras. Lengd 45-51 cm, þyngd 700 g, vænghaf 75-86 cm.

A common winter visitor of the coast though mostly seen in Vogavík, usually with other dabbling ducks. The male is conspicuous with a red, rounded head with yellowish forehead. Female is all brown.

Göngum vel um náttúruna!
Hlífum gróðri og röskum ekki ró fugla!

Respect the countryside!
Don't damage vegetation or disturb the birds!

Ljósmyndir: **Jóhann Óli Hilmarsson**
Texti á íslensku: **Jóhann Óli Hilmarsson og Þorvaldur Örn Árnason**
Texti á ensku: **Eric dos Santos og Jóhann Óli Hilmarsson**
Ornefni á Stapa: **Viktor Guðmundsson og Hilmar Sveinbjörnsson**
Umbrot: **Bragi Einarsson.**
Plötugerð: **Merking**
Umsjón: **Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Voga**
Styrkt af Brunabót, Styrktarsjóði EBÍ.
Sveitarfélagið Vogar
Nánari upplýsingar: www.vogar.is